Nr. 13.
9.
júlí.

# Lög

um

## heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út þriðja flokk (seríu) bankavaxtabrjefa.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabrjef alt að 3 miljónum króna til viðbótar bankavaxtabrjefaupphæð þeirri, sem hún má gefa út samkvæmt lögum 12. janúar 1900 um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík og viðaukalögum við þau 25. september 1902, sem og lögum 20. október 1905 um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út nýjan flokk (seriu) bankavaxtabrjefa.

2. gr.

Um bankavaxtabrjef þau, sem gefin verða út samkvæmt þessum lögum og kölluð verða 3. flokkur (seria) vaxtabrjefanna, gilda allar hinar sömu reglur og settar eru með áminstum lögum 12. jan. 1900, sbr. tilvitnuð lög 25. sept. 1902 og lög 20. oktbr. 1905, að svo miklu leyti eigi eru settar aðrar reglur með eftirfarandi greinum þessara laga.

3. gr.

Landsbankinn leggur til tryggingarfje fyrir 3. flokki bankavaxtabrjefanna, og skal það aldrei nema minni upphæð en $1/_6$ af verðhæð útgefinna bankavaxtabrjefa þeirra, er óinnleyst eru á hverjum tíma. Tryggingarfjeð skal vera að helmingi í ríkisskuldabrjefum og að helmingi í bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar, útgefnum samkvæmt lögum frá 12. janúar 1900 og 25. sept. 1902, sem og lögum 20. oktbr. 1905, og skal upphæð tryggingarfjárins miðast við gangverð nefndra verðbrjefa. — Landsstjórnin varðveitir tryggingarfjeð, en vextir af því renna í Landsbankann.

4. gr.

Ráðherra Íslands og stjórn Landsbankans undirskrifa bankavaxtabrjefin.

5. gr.

Veðdeildinni skal heimilt að veita bæjarfjelögum, sýslufjelögum og sveitarfjelögum lán, er samþykt sjeu af stjórnarráði Íslands, gegn veði í eignum og tekjum bæjar-, sýslu- og sveitarfjelagsins.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

# Lov

Nr. 13.
9. júlí.

om

## Bemyndigelse for Landsbankens Hypotekafdeling til Udstedelse af en tredje Serie Bankobligationer.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Landsbankens Hypotekafdeling bemyndiges til at udstede Bankobligationer til et Beløb af indtil 3 Millioner Kroner, som Tillæg til det Beløb af Bankobligationer, som den nu kan udstede i Henhold til Lov 12te Januar 1900 om Oprettelsen af en Hypotekafdeling i Landsbanken i Reykjavik og Lov om Tillæg til samme af 25de September 1902, samt Lov 20de Oktober 1905 om Bemyndigelse for Landsbankens Hypotekafdeling til Udstedelse af en ny Serie Bankobligationer.

§ 2.

Om de Bankobligationer, der blive udstedte i Henhold til nærværende Lov og som blive at benævne 3dje Serie af Obligationerne, gælde alle de samme Regler, som ere fastsatte ved den nævnte Lov 12te Januar 1900, jfr. den ligeledes nævnte Lov 25de Septbr. 1902 og Lov 20de Oktbr. 1905, for saa vidt afvigende Regler ikke indeholdes i nærværende Lovs følgende Paragrafer.

§ 3.

Garantifonden for Bankobligationernes 3dje Serie, som tilskydes af Landsbanken, skal aldrig udgøre mindre end $^1/_6$ af de til enhver Tid udstedte og ikke indløste Bankobligationers Beløb. Garantifonden skal anbringes med Halvdelen i Statsobligationer og med Halvdelen i de af Hypotekafdelingen i Henhold til Lov 12te Januar 1900 og Lov 25de Septbr. 1902 samt Lov 20de Oktbr. 1905 udstedte Bankobligationer, og dens Størrelse beregnes efter Obligationernes Kurs. Garantifonden forbliver i Regeringens Værge, men Landsbanken oppebærer Renterne af samme.

§ 4.

Bankobligationerne underskrives af Islands Minister og Landsbankens Bestyrelse.

§ 5.

Hypotekafdelingen kan yde Laan til By-, Syssel- og Repskommuner paa Betingelse af, at Laanene ere approberede af Islands Ministerium og sikrede i By-, Syssel- og Repskommunens Ejendele og Indtægter.

Nr. 13. Lov af 9. Juli om Bemyndigelse for Landsbankens Hypotekafdeling til Udstedelse af en tredje Serie Bankobligationer.

Nr. 13.
9. júlí.

6. gr.

Þegar veðdeildin tekur jarðir að veði, má virða jarðarhúsin með eigninni, og gerist þess eigi þörf að þau sjeu vátrygð, ef verð þeirra nemur ekki $1/4$ af virðingarverði jarðarinnar. Öll önnur hús skal virða sjerstaklega og vátryggja, ef verð þeirra á að koma til greina við lánveitingar gegn veði í eigninni, sbr. 7 gr. í nefndum lögum 12. janúar 1900.

7. gr.

Þegar bankastjórnin eftir kröfum lánþega og samkvæmt 9. gr. nefndra laga 12. jan. 1900 á að annast um að koma bankavaxtabrjefum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, er henni heimilt að selja þau svo sem þau ganga bezt, eða taka þau eftir gangverði.

8. gr.

Þá er bankastjórn heimilt að telja veðdeildarlán eða eftirstöðvar þess komnar í gjalddaga án uppsagnar, ef skuldunautur vanrækir að halda húseignum viðunanlega vátrygðum, sem áskilið er að vátrygðar sjeu, sbr. 10. gr. og 7. gr. nefndra laga 12. jan. 1900.

9. gr.

Samkvæmt 11. gr. nýnefndra laga skulu skuldunautar veðdeildarinnar greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð á hverjum gjaldaga. Tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs skal vera $1/2$ af hundraði á ári af upphæð lánsins, eins og hún er fyrir hvern gjalddaga, og afborgunargjaldið má eigi vera minna en svo, að láninu sje lokið á 50 árum, sje veðið jarðeign, á 35 árum, sje veðið steinhús eða steinsteypuhús, á 25 árum, sje veðið timburhús, og á 15 árum, sje veðið torfhús. Sje lánið bæjar-, sýslu eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

10 gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í því blaði á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

11. gr.

Sjerstakan reikning skal halda fyrir 3. flokk bankavaxtabrjefanna, og skal þeim til tryggingar vera sjerstakur varasjóður, en í hann renna tekjur veðdeildarinnar eftir þessum lögum. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars kostnaðar, er af þessu leiðir, má greiða alt að því 2,000 kr.

§ 6.

Naar Hypotekafdelingen modtager Jordejendomme til Pant, kan de Huse, som følge med Jorden, vurderes sammen med denne, uden at de behøve at være brandforsikrede, saafremt deres Værdi udgør mindre end ¼ af Jordejendommens Vurderingssum. Alle andre Bygninger skulle vurderes særskilt og være brandforsikrede, saafremt der skal tages Hensyn til deres Værdi ved Bevilling af Laan mod Pant i Ejendommen, jfr. fornævnte Lov 12te Januar 1900 § 7.

§ 7.

Naar Bankbestyrelsen paa Laantagerens Forlangende og i Henhold til nævnte Lov 12te Januar 1900 § 9, uden Godtgørelse skal besørge Bankobligationer omsatte i rede Penge, har den Hjemmel til at sælge dem til den højeste Pris, som de kan udbringes til, eller overtage dem efter Kurs.

§ 8.

Bankbestyrelsen er berettiget til at anse et af Hypotekafdelingen bevilget Laan eller den tilbageværende Rest af samme forfalden til Udbetaling uden Opsigelse, naar Skyldneren undlader at holde Bygninger tilbørlig brandforsikrede, for saa vidt det er betinget, at de skulle være forsikrede, jfr. nævnte Lov 12te Januar 1900 § 10 og § 7.

§ 9.

Overensstemmende med nysnævnte Lovs § 11 skulle Hypotekafdelingens Debitorer erlægge Renter, Afdrag og Bidrag til Administrationen og Reservefonden med et samlet Beløb, der er lige stort i hver Betalingstermin. Bidraget til Administrationen og Reservefonden er ½ Procent aarlig af Laanets inden hver Termin tilbageværende Beløb, og Afdraget maa ikke være mindre, end at Laanet, naar Pantet er Jordejendom, er tilbagebetalt i Løbet af 50 Aar, naar det er Sten- eller Betonbygning i Løbet af 35 Aar, naar det er Træbygning i Løbet af 25 Aar, og naar Pantet er Jordbygning i Løbet af 15 Aar. Er Laanet et By-, Syssel- eller Repskommunelaan, skal dette være tilbagebetalt i Løbet af højst 40 Aar.

§ 10.

Bankbestyrelsen kan, naar en Bankobligation, der i Hypotekafdelingens Bøger er noteret paa Navn, bortkommer, ved Bekendtgørelse, som indrykkes 3 Gange efter hinanden i det til offentlige Bekendtgørelser i Island bestemte Blad og i Statstidenden i København, med 12 Maaneders Varsel indkalde Ihændehaveren af Obligationen. Hvis ingen melder sig med Obligationen i rette Tid, kan Bankbestyrelsen meddele den, paa hvis Navn den er noteret, ny Bankobligation til samme Beløb som den bortkomne, uden at Tredjemand, til hvem Obligationen maatte være overdraget, derfor kan have Tiltale mod Banken.

Med Hensyn til Mortifikation af andre Bankobligationer forholdes efter den almindelige Lovgivning.

§ 11.

Der skal holdes et særskilt Regnskab for Bankobligationernes 3dje Serie, og til Sikkerhed for samme skal der være en særskilt Reservefond, hvortil Hypotekafdelingens Overskud i Henhold til nærværende Lov henlægges. Til Bogholderi, Regnskabsførelse og andre hermed i Forbindelse staaende Udgifter kan der anvendes indtil 2,000 Kr.

Nr. 13.
9.
júlí.

12. gr.

Ákvæði þessara laga snerta að engu leyti bankavaxtabrjef þau, sem gefin eru út samkvæmt framannefndum lögum 12. jan. 1900, 25. sept. 1902 og 20. okt. 1905.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 9. júlí 1909.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Björn Jónsson.***

Nr. 13. Lög 9. júlí um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út Þriðja flokk (seríu) bankavaxtabrjefa.

§ 12.

Nærværende Lovs Bestemmelser berøre i ingen Henseende de Bankobligationer, der ere udstedte i Henhold til de fornævnte Love af 12te Januar 1900, 25de Septbr. 1902 og 20. Oktbr. 1905.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 9. Juli 1909.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Björn Jonsson.***

---

**Islands Ministerium, den 9. Juli 1909.**

***Björn Jonsson.***

*Jon Krabbe,*
kst.